

Skrifstofa Reykjanesbæjar  
B.t. skipulagsfulltrúa  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ  
skipulag@reykjanesbar.is

6.júní 2023  
2023-05-50/0.11.2

**Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 vegna iðnaðarsvæðis I5**

Landsneti barst þann 23. maí 2023 beiðni um að veita umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Um er að ræða stækkun iðnaðarsvæðis I5 og aukningu á heimiluðu byggingarmagni innan þess. Frestur til að veita umsagnir er til 9. júní 2023.

Landsnet hefur farið yfir skipulagsgögnin. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet telur að fyrirhuguð stækkun iðnaðarsvæðis I5 til norðurs og aukin byggingarheimild hafi ekki áhrif á rekstur flutningskerfis fyrirtækisins eða mögulegar styrkingar þess á svæðinu.

Virðingarfyllst

---

Rut Kristinsdóttir

## Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

## Gunnar Kristinn Ottósson

---

**From:** Berglind Kristinsdóttir <berglind@sss.is>  
**Sent:** mánudagur, 12. júní 2023 10:51  
**To:** Gunnar Kristinn Ottósson  
**Subject:** RE: breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

Sæll Gunnar,

Á fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja sem haldinn var fimmtudaginn 8. júní s.l. var meðfylgjandi ósk um umsögn á dagskrá nefndarinnar.

Eftirfarandi var fært til bókar;

„Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja gerir ekki athugasemd við breytingar á aðalskipulagi né við nýtt deiliskipulag á Reykjanesi“.

Þetta tilkynnist hér með.

Kv.

Berglind

Berglind Kristinsdóttir  
Framkvæmdastjóri/ Managing Director  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum/Federation of Suðurnes Municipalities  
Heklan/Regional development agency  
Skógarbraut 945,  
262 Reykjanesbær  
Sími 420-3288



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

**HEKLAN** | ATVINNUPRÓUNARFÉLAG  
SUÐURNESJA



---

**From:** Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

**Sent:** 23 May 2023 13:21

**To:** Daníel Einarsson <daniel@reykjanesgeopark.is>; Þór Hjaltalín <thor@minjastofnun.is>; hes@hes.is; ust@ust.is; os@os.is; ebh@vegagerdin.is; landsnet@landsnet.is; skrifstofa@vedur.is; arni.snorrason@vedur.is; nia@ni.is; hafogvatn@hafogvatn.is; asbjorn@hsorka.is; landvernd@landvernd.is; nsve@nsve.is; LHM@LHM.is; mani@mani.is; gusti@to.is; vandill@simnet.is; Berglind Kristinsdóttir <berglind@sss.is>; Atli Geir Júlíusson <atligeir@grindavik.is>

**Subject:** breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

Óskað er umsagna vegna breytingar á Aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu

**Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035**

Bæjarstjórn Reykjaneshæjar heimilaði 3. janúar 2023 að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á Aðalskipulagi Reykjaneshæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæðið 15 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdrætti og greinargerð VSÓ ráðgjöf dags 23. janúar 2023.

**Markmið breytingar er að aðlaga iðnaðarsvæði 15 betur að landþörfum landeldis í grennd við Reykjanesvirkjun. Að skilgreina byggingarheimild sem rúmar landeldið og aðra atvinnustarfsemi innan Auðlindagarðsins á iðnaðarsvæði 15.** Breytingin styður við markmið Auðlindagarðs um nýtingu afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun sem renna að hluta ónýttir til sjávar.

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breytingaruppdrattur\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breytingaruppdrattur_230228.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breyting.-greinargerð\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breyting.-greinargerð_230228.pdf)

## Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi

Bæjarstjórn Reykjaneshæjar samþykkti á fundi 7. febrúar 2023 að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagstillögur í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hs Orka hf. leggur fram nýtt deiliskipulag á Reykjanesi, unnin af VSÓ ráðgjöf ehf. **Deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð og eldra deiliskipulag. Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu. Tillagan er auglýst samhliða endurskoðun aðalskipulags.**

Uppdráttur og greinargerð

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk\\_orkuvinnslu-og-idnadar\\_oppdrattur\\_221223.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk_orkuvinnslu-og-idnadar_oppdrattur_221223.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar\\_greinargerð\\_230130.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar_greinargerð_230130.pdf)

Umsagnarfrestur er til og með 9. júní 2023. Umsagnir berist á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is)

Hlekkur á auglýsingar á heimasíðu Reykjaneshæjar:

[Breyting á Aðalskipulagi](#)

[Deiliskipulag](#)

Bestu kveðjur,

## Gunnar Kr Þ Ottósson arkitekt

Skipulagsfulltrúi Reykjaneshæjar

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Tjarnargötu 12, 230 Reykjaneshæ

Sími +354 421 6700

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)



**REYKJANESBÆR**  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



## Gunnar Kristinn Ottósson

---

**From:** Atli Geir Júlíusson <Atligeir@grindavik.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 6. júní 2023 14:39  
**To:** Gunnar Kristinn Ottósson  
**Cc:** Elísabet Bjarnadóttir; Íris Gunnarsdóttir  
**Subject:** RE: breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

**Categories:** GoPro: Skjalað undir 2019060056 - Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020 - 2035 (Copy) - Í vinnslu (mál)

Sæll Gunnar,

Hér að neðan eru bókanir skipulagsnefndar Grindavíkurbæjar frá fundi þann 5. júní sl.

### 9. Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 - ósk um umsögn - 2305085

*Reykjanesbær óskar umsagnar á breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæðið I5 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdrætti og greinargerð VSÓ ráðgjöf dags 23. janúar 2023.*

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna og vísar afgreiðslu málsins til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

### 10. Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi - ósk um umsögn - 2305087

*Reykjanesbær óskar umsagnar um nýtt deiliskipulag á Reykjanesi, unnin af VSÓ ráðgjöf ehf. Deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð og eldra deiliskipulag. Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu. Tillagan er auglýst samhliða endurskoðun aðalskipulags.*

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna og vísar afgreiðslu málsins til afgreiðslu bæjarstjórnar.*

Ef afgreiðsla bæjarráðs verður með öðrum hætti en skipulagsnefndar þá verður ykkur tilkynnt um það sérstaklega.

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja,

**Atli Geir Júlíusson**

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Head of planning and environment



Grindavíkurbær

Víkurbraut 62 | 240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100 & 898 2854

*Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust*

Fyrirvari/Disclaimer - [www.grindavik.is/fyrirvari](http://www.grindavik.is/fyrirvari)

**From:** Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

**Sent:** Tuesday, 23 May 2023 13:21

**To:** info@reykjanesgeopark.is; Þór Hjaltalín <thor@minjastofnun.is>; hes@hes.is; ust@ust.is; os@os.is; ebh@vegagerdin.is; landsnet@landsnet.is; skrifstofa@vedur.is; arni.snorrason@vedur.is; nia@ni.is; hafogvatn@hafogvatn.is; asbjorn@hsorka.is; landvernd@landvernd.is; nsve@nsve.is; LHM@LHM.is; mani@mani.is; gusti@to.is; vandill@simnet.is; Berglind Kristinsdóttir <berglind@sss.is>; Atli Geir Júlíusson <Atligeir@grindavik.is>

**Subject:** breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

Óskað er umsagna vegna breytingar á Aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu

## Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar heimilaði 3. janúar 2023 að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæðið I5 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdrætti og greinargerð VSÓ ráðgjöf dags 23. janúar 2023.

**Markmið breytingar er að aðlaga iðnaðarsvæði I5 betur að landþörfum landeldis í grennd við Reykjanesvirkjun.**

**Að skilgreina byggingarheimild sem rúmar landeldið og aðra atvinnustarfsemi innan Auðlindagarðsins á iðnaðarsvæði I5.** Breytingin styður við markmið Auðlindagarðs um nýtingu afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun sem renna að hluta ónýttir til sjávar.

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breytingaruppdrattur\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breytingaruppdrattur_230228.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breyting-greinargerð\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breyting-greinargerð_230228.pdf)

## Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 7. febrúar 2023 að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagstillögu í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hs Orka hf. leggur fram nýtt deiliskipulag á Reykjanesi, unnin af VSÓ ráðgjöf ehf. **Deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð og eldra deiliskipulag. Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu. Tillagan er auglýst samhliða endurskoðun aðalskipulags.**

Uppdráttur og greinargerð

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk\\_orkuvinnslu-og-idnadar\\_oppdrattur\\_221223.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk_orkuvinnslu-og-idnadar_oppdrattur_221223.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar\\_greinargerð\\_230130.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar_greinargerð_230130.pdf)

Umsagnarfrestur er til og með 9. júní 2023. Umsagnir berist á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is)

Hlekkur á auglýsingar á heimasíðu Reykjanesbæjar:

[Breyting á Aðalskipulagi](#)

[Deiliskipulag](#)

Bestu kveðjur,

## Gunnar Kr Þ Ottósson arkitekt

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ

Sími +354 421 6700

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)



**REYKJANESBÆR**  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS





Reykjanesbær  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 9. júní 2023

**Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi á svæði I5 á Reykjanesi og tillögu að deiliskipulagi fyrir orkuvinnslu og iðnaðarsvæði á Reykjanesi.**

Vísað er til erindis sveitarfélagsins, dags. 23. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um breytingu á aðalskipulagi á svæði I5 á Reykjanesi og tillögu að deiliskipulagi fyrir orkuvinnslu og iðnaðarsvæði á Reykjanesi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur áður tekið til umsagnar ýmsa þætti sem viðkemur svæðinu í heild varðandi ólík atriði og starfsemi. Umsagnir hafa verið veittar m.a. til Skipulagsstofnunar, HS Orku, Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Athugasemdir sem lagðar hafa verið fram í fyrri umsögnum gilda fyrir þá einstaka þætti og eru að finna í meðfylgjandi viðhengi.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögunum.

Virðingarfyllt,

*J. Trausti Jónsson*

J. Trausti Jónsson,  
heilbrigðisfulltrúi.



## Gunnar Kristinn Ottósson

---

**From:** Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir - HAFRO <gudbjorg.asta.olafsdottir@hafogvatn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 8. júní 2023 13:37  
**To:** Skipulag USK  
**Cc:** Gunnar Kristinn Ottósson  
**Subject:** RE: breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

Góðan daginn,

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag á Reykjanesi skv meðfylgjandi kynningu.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir



**Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir PhD**  
Sviðsstjóri / Division head

Hafrannsóknastofnun  
Fornubúðir 5  
220 Hafnarfjörður

+354 898 9037, +354 575 2032

[www.hafogvatn.is](http://www.hafogvatn.is)



---

**From:** Gunnar Kristinn Ottósson <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>

**Sent:** þriðjudagur, 23. maí 2023 13:21

**To:** info@reykjanesgeopark.is; Þór Hjaltalín <thor@minjastofnun.is>; hes@hes.is; ust@ust.is; os@os.is; Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; landsnet@landsnet.is; skrifstofa@vedur.is; Árni Snorrason <arni.snorrason@vedur.is>; Akureyri - NI <nia@ni.is>; Erindi - HAFRO <erindi@hafogvatn.is>; asbjorn@hsorka.is; landvernd@landvernd.is; nsve@nsve.is; LHM@LHM.is; mani@mani.is; gusti@to.is; vandill@simnet.is; Berglind Kristinsdóttir <berglind@sss.is>; atligeir@grindavik.is

**Subject:** breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag reykjanesi Reykjanesbæ ósk um umsögn

Óskað er umsagna vegna breytingar á Aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu

### Breyting á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar heimilaði 3. janúar 2023 að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæðið I5 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdrætti og greinargerð VSÓ ráðgjöf dags 23. janúar 2023.

**Markmið breytingar er að aðlaga iðnaðarsvæði I5 betur að landþörfum landeldis í grennd við Reykjanesvirkjun. Að skilgreina byggingarheimild sem rúmar landeldið og aðra atvinnustarfsemi innan Auðlindagarðsins á iðnaðarsvæði I5.** Breytingin styður við markmið Auðlindagarðs um nýtingu afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun sem renna að hluta ónýttir til sjávar.

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breytingaruppdrattur\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breytingaruppdrattur_230228.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484\\_ask-breyting.-greinargerð\\_230228.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfissvid/Skipulagsfulltrui/2023/21484_ask-breyting.-greinargerð_230228.pdf)

## Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 7. febrúar 2023 að auglýsa eftirfarandi deiliskipulagstillögur í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hs Orka hf. leggur fram nýtt deiliskipulag á Reykjanesi, unnin af VSÓ ráðgjöf ehf. **Deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð og eldra deiliskipulag. Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu. Tillagan er auglýst samhliða endurskoðun aðalskipulags.**

Uppdráttur og greinargerð

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk\\_orkuvinnslu-og-idnadar\\_uppdrattur\\_221223.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk_orkuvinnslu-og-idnadar_uppdrattur_221223.pdf)

[https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar\\_greinargerð\\_230130.pdf](https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Umhverfisvid/Skipulagsfulltrui/2023/dsk-orkuvinnslu-og-idnadar_greinargerð_230130.pdf)

Umsagnarfrestur er til og með 9. júní 2023. Umsagnir berist á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is)

Hlekkur á auglýsingar á heimasíðu Reykjanesbæjar:

[Breyting á Aðalskipulagi](#)

[Deiliskipulag](#)

Bestu kveðjur,

### Gunnar Kr Þ Ottósson arkitekt

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ

Sími +354 421 6700

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)



**REYKJANESBÆR**  
**Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS**



**Gunnar Kr Þ Ottósson**  
**Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar**  
**Umhverfis- og framkvæmdasvið**  
**Reykjanesbær**  
**Tjarnargata 12**  
**230 Reykjanesbæ**

sent með tölvupósti á: skipulag@reykjanesbaer.is

Reykjavík, 12. júní 2023

## **Umsögn Landverndar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 – 2035 ásamt tillögu að deiliskipulagi vegna orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi.**

Landvernd hefur kynnt sér efni áformaðra breytinga og bregst hér við í samræmi við efnistöð ásamt hugleiðingum sem eru til þess fallnar að vekja athygli á þáttum sem varða meðal annars framsetningu efnis ásamt óviðeigandi hugtakanotkun svo dæmi sé tekið. Mikilvægt er að bæði Skipulagsstofnun og framkvæmdaðilar almennt séu meðvitaðir um að orðið “grænþvottur” er ekki hugtak sem er runnið undan rifjum. Landverndar heldur alþjóðlega viðurkennt hugtak sem hefur á undanförunum árum fengið sterka merkingu enda um alþjóðlegan vanda að ræða sem bitnar á almenningi öllum. Skipulagsstofnun ætti að hafa sérstöku hlutverki að gegna að koma böndum á og veita skýrsluhöfundum tiltal þegar gripið er til aðferða sem tíðkast í heimi grænþvottar sem er fyrst og síðast til þess fallið að valda upplýsingaóreiðu og rugla almenning í rýminu. Að því sögðu gerir Landvernd hér eftirfarandi athugasemdir er varðar efnistöð.

### **Aðalskipulagsbreyting**

#### **1. Inngangur**

Í inngangi er komið inn á áform sem eru til þess fallinn að auka verulega orkuvinnslu á svæðinu ásamt uppbyggingu á stórtæku fiskeldi á landi. Áformin eru mjög umfangsmikil eða um 40.000 tonna ársframleiðsla Samherja um landeldisstöð nærri Reykjanesvirkjun. Segja má því að áform um stóraukið laxeldi á landi sé að raungerast hér á landi með meiri hraða og á stærri skala en búist var við – má þar nefna áform í Vestmannaeyjum með allt að 30.000 tonna framleiðslu, þá eru sömuleiðis mikil áform um uppbyggingu á landeldi við Þorlákshöfn þar sem Landeldi ehf. og Geo Salmo stefna á að reisa annars vegar 32.000 og hins vegar 24.000 tonna landeldisstöðvar ásamt fleiri verkefnum sem ekki eru nefnd hér. Á teikniborðinu eru því gífurleg áform eða a.m.k. 126.000 tonna ársframleiðsla einvörðungu í landeldi á næstu misserum. Ætla mætti að öll þessi áform um stóraukið landeldi gefi tilefni til

endurskoða útgefin leyfi í opnum sjókvíum við Ísland en svo virðist því miður ekki vera. Ástæðan fyrir uppbyggingu fiskeldis á landi er hins vegar þekkt – hún kemur til vegna neikvæðra umhverfisáhrifa af sjókvíaeldi og færi betur á því að sú ástæða væri tilgreind við áform sem þessi. Ímynd fiskeldis í sjókvíaeldi er smá saman að hrynja og markaðurinn að hafna þeim iðnaði. Fiskeldisiðnaðurinn sjálfur hefur því staðfest með þessari ásókn í landeldi að sjókvíaeldi í opnum sjókvíum í fjörðum og flóum við Ísland getur ekki átt framtíð fyrir sér vegna neikvæðra umhverfisáhrifa. Þrátt fyrir fyrir að Landvernd geri mikinn greinarmun á landeldi og sjókvíaeldi vegna síður neikvæðra umhverfisþátta er fylgja landeldi þá er engu að síður mikið umhugsunarefni hversu gríðarlega stór áform hafa verið sett á laggirnar í landeldinu því sannarlega eru slíkar framkvæmdir sem fylgja ekki án neikvæðra umhverfisáhrifa sem og kemur fram m.a. í þeim skipulagsáætlunum sem hér liggja fyrir.

Landvernd er kunnugt að lögum hefur verið breytt að stytta verkferla við leyfisveitingar og skipulagsgerð en vill varpa ljósi á að það gerir umsagnaraðilum erfiðara fyrir að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Í þessum stóru framkvæmdaáformum er verkefnið keyrt áfram með því að leggja fram á sama tíma, aðalskipulagsbreytingu- og deiliskipulag á grunni skipulagslögjafar sbr. 9. gr. laga nr. 111/2021 og lýsingu á umhverfismati. Landvernd vill lýsa andstöðu við að þessari aðferðarfræði til umsagnar sé beitt við svo umfangsmiklar framkvæmdir. Að keyra í gegn deiliskipulag jafnhliða aðalskipulagi þegar um er að ræða áform af þessari stærðargráðu dregur úr tækifærum almennings til lýðræðislegrar þátttöku við ákvarðanatöku.

## 2. Markmið og helstu forsendur

Það vekur athygli að orðalag skipulagsins benda til þess að skipulagið sé sniðið að þegar ákveðnum áformum um svonefndan “Auðlindagarð”. Orðrétt segir: “breytingin styður við markmið Auðlindagarðsins” Hér er forsendum snúið á haus því eðlilegra hefði verið að skrifa að markmiðin styddu við Aðalskipulags Reykjanesbæjar sé það ætlun stjórnáætlunar að fylgja stefnu sinni með breytingunni. Þegar markmið og forsendur í kafla Aðalskipulagsbreytingar eru skrifaðar með þessum hætti þá liggur fyrir að það eru framkvæmdaðilar sem eiga fyrst og síðast að njóta vafans á kostnað annarra þátta sbr. umhverfis og náttúru.

Einnig telur Landvernd orðið „garður“ ekki við hæfi þegar horft er til þess viðkvæma náttúruverndarsvæðis sem brjóta á undir iðnaðarsvæðið. Slík heiti á iðnaði sem þessum ætti að taka til endurskoðunar því almenningur gerir ósjálfrátt hugrenningatengsl við náttúrutengd fyrirbrigði sem er alls ekki um að ræða í þessu tilfelli. Það virðist sömuleiðis gleymast að orðið “náttúruauðlind”, eða einvörðungu orðið “auðlind” hefur hérlendis að því er virðist einvörðungu ná yfir grófgerða nýtingu í einhverri mynd. Þessi kafla gengur út á að máta áformað iðnaðarsvæði út frá þröngu sjónarmiði og hagsmunum í raun þvert á leiðarljóss skipulagsins.

Það að í þessum kafla sem rammur inn eina helstu þungamiðju skipulagsáforma, þ.e. helstu markmið og forsendur vill Landvernd áréttta að hvergi er í texta að finna að forsendur séu reistar á grunni sáttar við umhverfi og náttúru.

## 3. Tengsl við aðrar áætlanir

### 3.1. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024

#### Svæði á Náttúruminjaskrá og strandlengjan

Landvernd vill að gefnu tilefni leggja áherslu á og draga fram hversu einstakt svæði um er að ræða sem ætlun er að leggja undir það afmarkaða svæði sem hér liggur fyrir að brjóta undir iðnaðarstarfsemi en í leiðarljósi Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024 má sjá útlistun á nokkrum þáttum. Það er því langsótt að telja að þessi áætlun samræmist Svæðisskipulagi.

“Á Reykjanesi er víðfemt svæði á náttúruminjaskrá, svæði nr. 106 Reykjanes – Eldvörp – Hafnarberg. Lýsing þess er svohljóðandi: Framhald Reykjanes hryggjarins á landi.

Gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, gjár, sprungur og hrauntjarnir. Hverasvæði, jarðhitagróður, volg sjávar tjörn. Fuglabjarg, staður til fuglaskoðunar.”

Í leiðarljósi er komið inn á að helstu náttúruauðlindir Suðurnesja sem eru grunnvatn, jarðhiti, einstakar jarðmyndanir, kaldur hreinn sjór og fiskimið. Auk þess er lagt upp með ábyrga og hagkvæma nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir.

Landvernd telur fyllstu ástæðu til að vara við stórauðnum ágangi á auðlindir þessa svæðis í heild sinni og þá sér í lagi er varðar einstakar jarðmyndanir, grunnvatn og jarðhitakerfi sem varða ekki síst þessa áætlanagerð alla. Svo virðist sem að hugtakið náttúruauðlindir hafi ekki aðra merkingu hjá framkvæmdaðilum og sveitarfélagi en nýtingu þeirra tengdri iðnaðarstarfsemi. Ekki sé tekið mið af náttúruvernd.

Þau áform sem liggja til grundvallar áætlunum þessum sýna ekki að hér sé um að ræða “skynsamlega nýtingu” sem fram kemur í stefnu, en það er alit Landverndar að “skynsamleg nýting” eigi frekar við um eitthvað sem er hófstíllt, þar sem fyrirbyggja er höfð að leiðarljósi sem er langsótt þegar áætlanir af slíkrri stærðargráðu liggja á borðinu með jafn lítilli vitneskju um mögulegar afleiðningar og raun ber vitni. Hér fær náttúran ekki að njóta vafans því ekki er tekið tillit til sérstöðu svæðisins á heimsvísu með tilliti til verndargildis.

Að gefnu tilefni skal höfða til ábyrgðar stjórnarsýslu sveitarfélagsins um að skipulag sé unnið í sátt við umhverfi, náttúru og samfélag. Eins fram kemur í texta í Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 – 2035 er verndargildi þess svæðis sem um ræðir óumdeilt gríðarlega mikið sbr.eftirfarandi lýsing.

“Svæði á Náttúruminjaskrá - Framhald Reykjanes hryggjarins á landi. Gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, gjár, sprungur og hrauntjarnir. Hverasvæði, jarðhitagróður, volg sjávar tjörn. Fuglabjarg, staður til fuglaskoðunar. Svæði aðalskipulagsbreytingar er allt innan náttúruverndarsvæðisins líkt og iðnaðar- og orkuvinnslusvæðið í heild sinni samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er kveðið á um aðgerðir vegna náttúruverndar, sbr.:

- Náttúra Suðurnesja þarf að vera aðgengileg fólki til að njóta en fjölsótt svæði þarf að skipuleggja með þeim hætti að útivist og ferðamennska hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

- Sérstæðar jarðmyndanir á heimsmælikvarða ber að vernda. Það ber að skipuleggja með þeim hætti að þær séu aðgengilegar fólki og að upplýsingum sé miðlað um náttúru- og menningarverðmæti og samspil við nýtingu í þágu mannsins. Vegna strandlengjunnar eru skilgreindar eftirfarandi aðgerðir:
- Sveitarfélögin skulu stefna að því að vernda strandlengjuna utan þéttbýlis.
- Vinna áfram að rannsóknum og kortlagningu strandlengjunnar á Suðurnesjum.
- Ef ráðast á í framkvæmdir á strandlengju skulu þær deiliskipulagðar og kynntar fyrir sveitarfélögum á Suðurnesjum. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.”

Hér þarf Landvernd ekki að endurskrifa það sem liggur fyrir í greinargerðinni sjálfri þar sem svo augljóslega er verið að ganga á dýrmætt náttúruverndarsvæði með áformum um gríðarlegt inngrip á kostnað náttúruverndar. Hvernig fyrirbyggjandi iðnaðaráform sem eru öll inn á dýrmætu náttúruverndarsvæði eiga að uppfylla markmið í leiðarljósi skipulagsins um ábyrga og skynsamlega nýtingu í sátt við einstakt náttúruverndarsvæði og samfélag er ekki bara langsótt heldur vinna fyrirbyggjandi áætlanir með beinum hætti gegn þeirri stefnu sem skipulagið sjálft inniheldur og krefja verður því sveitarfélagið um rökstuðning á þessu hróplega ósamræmi. Slík áætlun sem hér liggur fyrir í heild sinni byggir því á ósamrýmanlegum andstæðum í skipulagsáætlunum og það hlýtur skipulagsstofnun að taka alvarlega, að öðrum kosti ná viðkomandi áætlanir ekki lágmarks trúverðugleika.

Svæði á Náttúruminjaskrá og strandlengjan

- Svæði aðalskipulagsbreytingar er allt innan náttúruverndarsvæðisins samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er kveðið á um aðgerðir vegna náttúruverndar, sbr.:

- Náttúra Suðurnesja þarf að vera aðgengileg fólki til að njóta en fjölsótt svæði þarf að skipuleggja með þeim hætti að útivist og ferðamennska hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.
- Sérstæðar jarðmyndanir á heimsmælikvarða ber að vernda. Það ber að skipuleggja með þeim hætti að þær séu aðgengilegar fólki og að upplýsingum sé miðlað um náttúru- og menningarverðmæti og samspil við nýtingu í þágu mannsins.

Vegna strandlengjunnar eru skilgreindar eftirfarandi aðgerðir:

- Sveitarfélögin skulu stefna að því að vernda strandlengjuna utan þéttbýlis.
- Vinna áfram að rannsóknum og kortlagningu strandlengjunnar á Suðurnesjum.

- Ef ráðast á í framkvæmdir á strandlengju skulu þær deiliskipulagðar og kynntar fyrir sveitarfélögum á Suðurnesjum. Taka þarf tillit til þeirra nota sem strandlengjan hefur á viðkomandi stað s.s. vistkerfi, útivist og minjar.”

Sé litið til þessa kafla með allri þeirri upptalningu sem þar er að finna á einstæðum náttúruvörðunum og lífríki þá mótast hvergi fyrir í áætlunum fyrir trúverðugum, aðgerðamiðuðum mótvægisáðgerðum til skýringa. Óhugsandi er að beita mótvægisáðgerðum sem eru til þess fallnar að mæta skaðanum og hugmyndafræði um sjálfbæra nýtingu áformunum er um óafturkræfar aðgerðir að ræða sem gerir framkvæmdina óréttlætalega. Landvernd vill á rétta hér sem komið er inn á í inngangi um það sem kallast hófstiltar áætlanir en hér eru um að ræða langstærstu einstöku áform um að ræða í Landeldi sem eru á teiknborðinu hér á landi.

#### 4. Efni breytingartillögu aðalskipulags

Í þessum kafla kemur grundvallarstefnubreyting fram þar sem verndarskilmálar eru þurrkaðir út á stóru svæði. “Hverfisvernd HV4 er aflétt af óbyggðu svæði sem nemur stækkun iðnaðarsvæðisins, en stefna HV4 er að öðru leyti óbreytt. “

Það vekur upp spurningar um það hvaða þýðingu hverfisvernd hefur þegar hægt er að aflétta verndinni án þess að forsendur svæðisins sem urðu til þess að það var verndað séu breyttar. Landvernd vill benda á að stjórnvöld samþykktu nýlega samning sameinuðu þjóðanna að vernda skuli 30% lands og sjávar fyrir árið 2030. Það kallar á aukna vernd á landi en ekki að henni sé aflétt. Vernd skal virða og sé henni aflétt þarf að vera gerð greinargóð ástæða fyrir því önnur en sú að framkvæmdir einkaaðila krefjist landsvæðisins.

##### 4.1. Stækkun iðnaðarsvæðis I5

Hér í kafla koma fram meginstærðir sem fylgja tillögum að breytingum og vekur athygli hversu gríðarleg stækkun á iðnaðar og byggingarsvæði er að ræða eða stækkun á kostnað óbyggðs svæðis í 260.ha iðnaðarsvæði og þá verður heimilað byggingarmagn á svæði I5 samtals 408.000 m<sup>2</sup>. Í þessari áformuðu aðgerð verður hverfisverndarsvæði HV4 brotið niður og iðnaðarstarfsemi komið fyrir. Komið er inn á umferð þungaflutningabíla og tækja – en ljóst er að miðað við hið gríðarlega umfang og aðflutning á framkvæmdatíma þá verður um varanlega stóraukningu á þungaflutningum á vegleiðum m.a. að flugvelli að ræða með þá væntanlega með allt að 40.000 tonnum á ári gangi áformin eftir.

Spyrja má upp hvort sveitarfélagið hafi íhugað stóraukið álag á vegakerfið á þessu svæði auk aukinnar slyshættu. Þá væri viðeigandi þegar önnur fyrirtæki á svæðinu eru nefnd til sögunnar í greinargerð varðandi flutninga til og frá svæðinu að nefna hvaða önnur uppbyggingaráform standa fyrir dyrum svo hægt sé að leggja heildrænt mat á aukna flutninga og fl. þar sem áhrif samlegðar annarrar uppbyggingar og starfsemi getur haft mikil áhrif til framtíðar á alla innviði. Að því sögðu liggur hér fyrir í kafla viðurkenning á brotum á náttúruverndarlögum sem er í sjálfu sér gott að sveitarfélag og viðkomandi fyrirtæki eru meðvituð um.

Aftur á móti virðist hvergi móta fyrir viðhorfi viðkomandi ábyrgðaraðila sveitarfélagsins til þessara brota, sama sveitarfélags og í hinu orðinu gerir mikið úr hlutverki sínu í háleitri stefnu um umhverfis- og náttúruvernd. Hér er enn eitt dæmið um ósamræmi – með græna stefnu í orði kveðnu í skipulagi og en vinna svo á borði þvert á stefnuna. Hvaða brýnu hagsmunir krefjast þess að eyðileggja verndarsvæði með svo stórtæku inngripi?

### 5. Umhverfismat tillögu að breytingu á Aðalskipulagi

“Umhverfismat tillögu að breytingu aðalskipulagsins tekur mið af nákvæmni og efnistöðum aðalskipulags, deiliskipulags og stigskiptri áætlanagerð. Samhliða tillögu að aðalskipulagsbreytingu er unnið að deiliskipulagi fiskeldisins. Til hliðsjónar verður umhverfisskýrsla Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 og einnig byggt á upplýsingum úr umhverfismati fiskeldisstöðvar.”

Í stuttu máli skýrir þessi samsuða áætlana hversu illa ígrunduð ákvörðun það var að breyta lögum um mat á umhverfisáhrifum með það að markmiði að stytta ferla. Svo augljóslega hefur þrýstingur og hagsmunir framkvæmdaðila orðið ofan á í þessum efnunum á kostnað lýðræðislegra vinnubragða og aðkomu almennings. Það er heldur engum vafa undirorpið að þegar öll skipulagsstiggin eru lögð saman í eitt að þá lítur skipulagsvaldið svo á að það sé formsatriði eitt að stimpla viðkomandi skipulag enda búið að ausa fjármagni í allan undirbúning. Landvernd og aðrir umsagnaraðilar sitja því við borðið í dag þegar gríðarlega stórar framkvæmdir eru settar á laggirnar með þá tilfinningu að umsagnir geti í besta falli lágmarkað skaða að einhverju leyti en aldrei komið í veg fyrir hann. Þetta ömurlega hlutskipti margra samtaka sem og almennings á ekkert skylt við heilbriggt samráð, eða lýðræðisvitund stjórnsýslunnar. Á þessum grunni fer Landvernd fram á að Skipulagsstofnun þrýsti á um að stórauka vægi fyrsta stig skipulagsferils þ.e. skipulagslýsingar þegar um allar stærri framkvæmdir er að ræða og krafist verði að þeir sem leggja fram stærri og viðameiri áætlanir að þær séu kynntar með innihaldi sem almenningur geti lagt mat á í stað þess að umsagnaraðilar þurfi að upplifa gerbreytta sýn á margvísleg framkvæmdaverkefni þegar búið er að binda flesta hnúta bak við tjöldin í með vilja yfirlýsingum eða samningum eða með öðrum hætti algjörlega óháð niðurstöðum úr umhverfismati.

### 5.2. Nálgun og áherslur umhverfismats.

#### Umhverfisþættir og viðmið

Eftirfarandi kemur fram í skýrslu “Fiskeldi er ekki hávaðasöm starfsemi og því ekki talin þörf á að meta áhrif breytingar á hljóðvist.” Hér verður að gera þá athugasemd að þó að starfsemin í grunnframleiðslu sé ekki hávaðasöm þá mun hávaði á bæði framkvæmda- og rekstartíma verða verulegur. Á framkvæmdatíma augljóslega vegna mikillar umferðar véla og flutningatækja og sömuleiðis á rekstartíma þá mun gifurlegur umferðarpungi vöruflutningabifreiða að óbreyttu hafa mjög mikil áhrif í því umhverfi sem þeir munu fara um. Það segir sig raunar sjálft að umferðarpungi og hávaði vegna þess í tengslum við starfsemina hlýtur að verða verulegur þegar um er að ræða áform um 40.000 tonna



eldisframléiðslu sem ætlað er að fara á markað. Landvernd mótmælir því að sniðganga eigi þennan mikilvæga áhrifaþátt sem hljóðvist er og ekki síst í ljósi þess að um vinsælt útivistar og ferðamannasvæði er að ræða. Margvísleg truflun og upplifun vegna neikvæðrar hljóðvistar er því of stór áhrifaþáttur í svo umfangsmiklum áformum að hægt sé að sleppa að leggja mat á.

#### 5.4. Tengsl við aðrar áætlanir

“Gerð verður grein fyrir tengslum og samræmi skipulagstillögu við aðrar áætlanir og stefnur.

Við gerð breytingartillögu er horft til stefnu stjórnvalda á landsvísu, svæðisskipulags Suðurnesja og Aðalskipulags auk annarra markmiða. Helstu áætlanir og stefnuskjöl sem höfð eru til hliðsjónar eru eftirtalin:”

“Landskipulagsstefna

- o Leiðarljós: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- o Að skipulag byggðar og landnotkun styðji við samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.”

Með skírskotun til sjálfbærrar þróunar sem er eitt helsta stef í Landskipulagsstefnu þurfa þeir sem að viðkomandi áætlun standa að gera grein fyrir og rökstyðja hvernig viðkomandi framkvæmdir stuðli að varðveislu náttúru- og menningargæða samhliða sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það verður að segjast mjög langsótt að tefla fram þessum áformum með áðurnefndum formerkjum á því svæði sem um ræðir. Það er mikilvægt að horft sé til þess að nýting auðlinda getur haft miklu mun meira og jákvæðara vægi í öllum skilningi til lengri tíma með því að velja núllkost vegna sérstöðu svæðisins og einstakrar náttúru sem er stórlega vanmetin auðlind. Það er um að ræða verulega smættun á hugtakinu sjálfbærri þróun sem fram kemur í þessum kafla og a.m.k. æskilegt að þeir sem standa að áætlanagerð sem þessari setji hlutina í heildrænt samhengi þegar verið er að grípa til hugtaka sem eru til þess fallin að gefa framkvæmdum annað yfirbragð en raunveruleikinn segir.

## 6. Niðurstöður umhverfismats tillögu að breytingu

### 6.1.1. Jarðmyndanir

“Breytingarsvæði er á nútímahrauni sem nýtur verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Fyrir liggur úttekt Náttúrufræðistofnunar á jarðmyndunum vegna mats á umhverfisáhrifum Eldisgarðs. Á breytingarsvæði eru bæði sögulegt hraun frá 9.-13. öld Stampahraun og forsöguleg hraun, 1900-2400 ára. Breytingarsvæði taka ekki til gígaraðar í Stampahrauni. Breytingin mun raska ósnortnu hrauni á stækkuðu iðnaðarsvæði og í vegstæði fyrirhugaðs aðkomuvegar. Landnotkunarbreytingin mun því rýra verndargildi hraunsins. Áhrif breytingar á jarðmyndanir eru metin neikvæð og óafturkræf.”

Þessi áhrifaþáttur einn og sér sem sjá má í niðurstöðu umhverfismats ætti að vera til þess fallin að slá þetta verkefni út af borðinu þar sem um óafturkræft niðurbrot á mikilvægu verndarsvæði er að ræða. Þessi framkvæmd getur ekki talist svo brýn að hún varði þjóðarhag og knýji sveitarfélagið að þeirri niðurstöðu að brjóta lög. Utan brota á náttúruverndarlögum gera áætlanir ráð fyrir að ganga fram gegn viðurkenndu verkefni sem á mikið undir ímynd og trúverðugeika eins og mörg dæmi sýna<sup>1</sup>. Furðu sætir í ljósi óafturkræfni framkvæmda að mati NÍ að áhrif eru ekki felld í flokkun “Mjög neikvæð (-)”

### 6.1.2 Grunnvatn

Breytingin felur í sér verulega aukna vatnstöku. Fram kemur að óvissa ríkir um áhrif á grunnvatn norðan sjótökusvæðis virkjunar. Mikilvægt er því að fullnaðarrannsóknir á svo mikilvægum áhrifaþáttum verði gerðar áður en frekari ákvarðanir eru teknar um framvindu verkefnisins. Auk þess vill Landvernd gera þá sjálfsögðu kröfu að lagt verði heildrænt sjálfstætt mat í tengslum við skipulagið á stöðu grunnvatns á svæðinu með tilliti til annarra áforma sem liggja fyrir í aðal- og deiliskipulagi um margháttaða iðnaðaruppbyggingu á svæðinu þar sem ætla má að hver eining kalli á verulega aukna þörf á aðgengi að grunnvatni og jarðhita sem ekki hefur verið sýnt fram á í mati að geti annað þeim áformum sem verið er að setja fram hér í tillögu. Í umhverfisþætti valkosta I5 sem stækkar til norðurs fær fyrirhugað framkvæmd mjög neikvætt mat m.a. vegna niðurdráttar sem komið hefur í ljós við fyrirhugað vinnslusvæði. Það að raska svæðinu með svo ósjálfbæru og óæskilegu inngripi er áhættusamt og aðgerðin gengur því að óbreyttu gróflega gegn anda sjálfbærrar nýtingar ekki síst þegar litið er til verulegrar aukningar á iðnaðarstarfsemi innan þessa svæðis.

### 6.1.3 Lífríki

Undrun vekur hvað lífríki fær litla athygli eða umfjöllun. Halda skal því til haga að vistgerðarkort NÍ er alls ekki fullkomið og vistgerðir verða því ekki metnar nema með vettvangsrannsóknum. Það að engin mikilvæg fuglasvæði séu til staðar er ennþá verri staðhæfing og svo ekkert fari á milli mála þá er verulega langsótt að leita uppi fuglalíf á vistgerðarkorti NÍ sem er vitnað til í því sambandi. Það er því augljóst að gera verður ríka kröfu um vettvangsferð sérfræðinga í fuglarannsóknum og því mótmælt hér að reynt sé

<sup>1</sup> <https://reykjanesgeopark.is/is/destination/stampar/> hér má einnig sjá mjög áhrifaríkar myndir af svæðinu ásamt jarðsögu sem sýnir hátt verndargildi <https://ferlir.is/eldra-stampahraun-og-onglabriotsnef-magnus-a-sigurgeirsson/> og hér einnig til upplýsingar <https://elg.is/?p=2698>.

að leggja blindandi mat á lífríki með þeim hætti sem raun ber vitni. Aðeins vettvangsrannsóknir af óháðu fagfólki getur skorið úr um hvað svæðið hefur að geyma í þessum efnunum.

#### 6.1.4. Sjór og strandlengja

Mikilvægt er þegar vitnað er til vatnshlota, hvort sem það er strandsjór eða grunnvatn á landi að ekki er um ótæmandi brunn að ræða eða viðtaka sem hefur óþrjótandi þol gagnvart ágengni. Þótt hafið sé stórt þá tekur það ekki endalaust við og því er mikilvægt í ljósi versnandi ástands hafsins að ganga um það í stóru sem smáu með það í huga að vistkerfi eru hnignandi. Mikilvægt er því að gæta fyllsta öryggis og ef svo ósennilega vildi til að af Eldisgarði yrði þá er skýlaus krafa um að allar útrásir verði vaktaðar enda eru bæði fódurleifar svo ekki sé talað um möguleg lyf mjög óæskileg út í lífríkið verði þau ekki fönguð með fullkomnum hætti. Þarna er einmitt um að ræða ein af stóru viðurkenndu neikvæðu áhrifum frá opnu sjókvíaelði. Það að vinna eigi með þynningarsvæði í ljósi mögulegra óæskilegra efna eða efnasambanda er til þess fallið að vekja upp spurningar og því ástæða til að vakta þennan þátt sérstaklega.

### 6.3. Samfélag

#### 6.3.1. Atvinnulíf

Um leið og Landvernd leggur áherslu á mikilvægi atvinnulífs í landinu liggur fyrir að hér er um fremur einsleita starfsemi að ræða. Þessi áform öll eru enn og aftur til vitnis um áherslu á stóriðnaðarstarfsemi og áframhaldandi verksmiðjubúskap af stærðargráðu þar sem ekki er hægt að tala um hófsemd í nokkru tilliti.

Þessi stóriðnaðaráform benda ekki til þess að verið sé að bregðast við ákalli ungs fólks um fjölbreytt og skapandi störf. Landvernd vill góðfúslega hvetja sveitarfélagið að leggja meiri metnað í skapandi verkefni og vinna í sátt með þær frábæru náttúruauðlindir sem svæðið hefur að geyma. Í þessum lið er einmitt sérstaklega komið inn á ferðaþjónustuna og þann öra vöxt sem þar hefur orðið – en engum blöðum þarf um það að fletta að viðkomandi áform í áætlunum sveitarfélagsins ganga eðli máls gegn þeirri vaxandi atvinnugrein sem ferðaþjónustan er og hefur með einum eða öðrum hætti gefið mikið til samfélagsins á svæðinu. Þar er fjölbreytni fyrir að fara og þar skiptir náttúruverndin mjög miklu þar sem áætlað er að 90% ferðamanna komi til að skoða lítt eða óspillta náttúru Íslands og þá vekja hraunin ekki síst athygli.

Ábyrgðaraðilar skipulagsins ættu undanbragðalaust að láta fara fram á hlutlausa skoðanakönnun meðal ferðamanna á þeim áformum sem sett hafa hér verið á dagskrá í áætlunum. Jákvæð upplifun og jákvæð ímynd virðist vanmetin auðlind af valdhöfum á svæðinu rétt eins og náttúran sjálf. Viðkomandi áform munu því hafa að óbreyttu mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og ferðamenn á Reykjanesi sé sveitarfélaginu alvara með stefnu sinni.

#### 6.3.2. Menningarminjar

Innan framkvæmdasvæðis eru mjög margar sýnilegar menningarminjar eða samtals 21. Fram kemur að miklar líkur séu á að framkvæmdir muni raska öllum þessum fjölda minja sem eru hluti af sögu svæðisins og upplifun íbúa og gesta. Áhrifin eru því vægt til orða tekið neikvæð á minjar innan svæðisins.

## 6.4. Auðlindir

### 6.4.1. Verndarsvæði og útivist

“Helstu ferðamannastaðir í grennd við breytingarsvæðið eru Gunnuhver, Reykjanesviti, Stampar og Valahnúkur, sem eru skilgreindir sem áhugaverðir jarðminjastaðir (e. geosites) innan Reykjanes UNESCO Global Geopark. Breytingarsvæðið er fjarri þessum jarðminjastöðum, að undanskildum Stömpum.” Hér vekur furðu að um leið og helstu ferðamannastaðir í grennd við breytingarsvæðið eru m.a. Gunnuhver og Reykjanesviti þá í hinu orðinu kemur fram í texta að breytingarsvæðið sé fjarri þessum áhugaverðu stöðum nema því aðeins Stampar sem er skilgreint innan framkvæmdasvæðis. Svo það sé áréttað þá getur skilgreint breytingarsvæði t.d. hinn eftirsótti ferðamannastaður Gunnuhver og Reykjanesviti ekki verið bæði í grennd og fjarri breytingarsvæðinu. Landvernd skilur því það úrlausnarefni eftir hjá skýrsluhöfundum hvað fellst í orðinu “grennd” og sömuleiðis reyna að komast að niðurstöðu um hvernig framkvæmdasvæðið og eða náttúruverndarsvæðið Stampahraun geti talist svo fjarri að það hafi engin áhrif á upplifun gesta sem heimsækja svæðið. Hvað varðar ásýnd framkvæmda þá eru hraun og einmitt og ekki síður svartir sandar mjög eftirsóknarverðir viðkomustaðir ferðamanna<sup>2</sup> þá er hér að finna enn eina staðfestingu á hvaða raunsonnu auðlindir framkvæmdasvæðið Stampar og nærumhverfi hefur upp á að bjóða þ.e. hvorutveggja dýrmætar náttúru- og menningarminjar<sup>3</sup>. Það kemur því Landvernd ekki á óvart að þessi áhrifaþáttur fái falleinkunn eins og flestir aðrir sem varðar ágengni á helstu náttúruauðlind svæðisins.

## Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi

### 1. Inngangur

“Frá gildistöku deiliskipulagsins hafa aðalskipulagsáætlanir Grindavíkur og Reykjanesbæjar verið endurskoðaðar og löggjöf og kröfur breyst með nýjum skipulagslögum, nýrri skipulagsreglugerð og lögum um umhverfismat áætlana.” Eins og fram kemur í inngangi þá er það mat Landverndar að faglegir ferlar hafi verið gjaldfelldir með því að steypa saman ólíkum skipulagsstigum. Að því sögðu verður Landvernd að vinna með orðin hlut, en breytingar á lögum um umhverfismat áætlana sem hér hefur verið komið inn á munu leiða til þess að almenningur mun í sífellt minna mæli treysta sér til að setja fram athugasemdir sér í lagi við stórar og viðamiklar áætlanir þar sem öllu er grautað saman og það er sannarlega ekki í anda upplýstrar eða lýðræðislegrar umræðu að reyna að þrengja þann ramma sem íbúar í þessu landi hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Landvernd gerir sér grein fyrir að hér er verið að leggja fram grundvallarbreytingu á stefnu um þróun á svæðinu í nálægð við Reykjanesvirkjun. Svo nefndur Auðlindagarður með fremur óljós markmið utan

<sup>2</sup> <https://nyr.ruv.is/frettir/innlent/2023-05-23-reynisfjara-valin-attunda-besta-strond-heims>

<sup>3</sup> <https://ferlir.is/stampar-raudholl-hus-kista/>

áforma svokallaðs Eldisgarðs á að skapa svæðinu nýja og þar að auki græna ímynd. Það sem áður var kallað efnaverksmiðja er nú skreytt með grænum formerkjum og sömuleiðis hefur eldiskerjum verið breytt í garða. Landvernd þykir þetta ekki viðeigandi orðafar og svipar til þess sem kallast grænþvottur. Ljóst er að HS Orka sem hér kemur fyrir í texta virðist leika stórt hlutverk í stefnumörkum þeirra sveitarfélaga sem þau hafa ítök í og þá er lagst í skipulagsbreytingar til að aðlaga stefnu sveitarfélagsins að stefnu HS Orku en ekki öfugt. Landvernd er alsendis ókunnugt um að HS Orka liggi á mikilli afgangssorku til svo umfangsmikilla verkefna og hér um ræðir, frekar að áhyggjur þar hafi verið viðraðar af niðurdragi þar sem jarðhitakerfið sé komið að þölmörkum ágengni. Landvernd er hinsvegar áfram um nýtni orku / afgangsstrauma.

En hvað átt er við með frekari nýtningu meginstrauma er ekki skýrt nánar en miðað við þá stefnu sem fellst í deiliskipulaginu verður ekki annað séð en að stefnt sér að umfangsmikilli iðnaðaruppbyggingu á svæðinu nokkuð stefnulaust án þess að þess sé getið með hvaða orku eigi að knýja þann viðbótar iðnað sem byggja á upp á samhliða landeldi með 40.000 tonna framleiðslugetu.

Landvernd tekur því heilshugar undir það sem kemur fram í deiliskipulagi um að mikilvægt sé að huga að framtíðarsýn hvað varðar orkuvinnslu á Reykjanesi því margar viðvörunarþjöllur hafa hringt á þessu svæði m.a. í ljósi niðurdrags í jarðhitakerfi / kerfum sem er grafalvarlegt mál ef huga er verið að því að auka á nýtingu og þölmörk svæðisins.

## 2.2. Fyrirliggjandi áætlanir

### Svæðisskipulag

Í svæðisskipulagi er lögð áhersla á að orkunýting á Reykjanesi verði flokkuð með tilliti til orkuöflunar og verndunar.

Þá segir að við nýtingu háhitasvæða skuli alltaf miðað við að orkuvinnsla sé sjálfbær, en um leið og Landvernd fagnar að það sé verið að huga að orkunýtni og glatvarmanýtingu þá er ljóst að öll þau áform sem koma fram í skipulaginu munu kalla á einhverja viðbótar orkunotkun á Reykjanesi sem ekki hefur verið sýnt fram á að sé til staðar og það er amk ekki sjálfbær hugsun.

### Náttúruverndarsvæði

Eftirfarandi texti vekur sérstaka athygli í Svæðisskipulagi Suðurnesja

“Stefna svæðisskipulags um náttúruvernd felur í sér áherslu á frumkvæði heimamanna hvað varðar verndun og/eða friðlýsingu náttúru á Suðurnesjum, í samstarfi við ríkisvaldið.

Það er stefna svæðisskipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum. Í stað þess er lögð fram stefna um jarðvang (e. geopark) sem nær yfir Suðurnesin. Skipulagning og stofnun jarðvangs (e. geopark) er leið að því markmiði að tekið sé markvisst á annarri nýtingu og náttúruvernd samhliða nýtingu jarðhita og annarra auðlinda á Suðurnesjum.”

Landvernd þykir að ekki til eftirbreytni að stofna jarðvang án nokkurra verndarskilmála og ganga svo á þetta sama flaggskip (e.geopark) sitt sem notað er í ímyndar yfirsíkinu náttúruverndar og leyfa orkufyrirtækjum og öðrum stóriðnaðarfyrirtækjum að ryðja burtu náttúruverndinni þegar þeim hentar vegna veikleika í skilmálum jarðvangs. Ef sveitarfélagið er ekki tilbúið til að friðlýsa einstök svæði þá geta þau einfaldlega ekki skreytt sig með umhverfis- eða náttúruvernd. Landvernd hvetur viðkomandi sveitarfélög að íhuga alvarlega stöðu sína í þessum efnum vilji þau á annað borð vera hluti af upplýstu samfélagi með umhverfis og náttúruverndarvitund. Grænþvottur er viðurkennt alþjóðlegt vandamál í dag ekki síst meðal stórfyrirtækja í iðnaði. Sveitarfélög ættu því að forðast í lengstu lög að leggjast á sveif með stórfyrirtækjum sem sjá sér hag í að kynda undir upplýsingaóreiðu um umhverfismál og náttúruvernd.

#### 2.2.4. UNESCO Global Geoparks

Að hluta hefur verið gert grein fyrir viðhorfi Landverndar til þessa í texta hér á undan undir Náttúruverndarsvæði. En undir þessum lið er eftirfarandi á að líta

“UNESCO Global Geoparks eru svæði þar sem minjum og landslagi sem eru jarðfræðilega mikilvægar á heimsvísu er stýrt eftir heildrænni stefnu. Árið 2015 var Reykjanes viðurkennt sem slíkt af UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna. Innan Reykjanes Geopark eru skilgreindir 55 áhugaverðir jarðminjastaðir (e. geosites). Þessi svæði þykja áhugaverð vegna jarðsögu, náttúrufars eða menningarsögu og gegna lykilhlutverki í því að segja sögu svæðisins. Einn jarðminjastaðanna, gígaraðin Stampar er innan deiliskipulagssvæðis en utan við framkvæmdasvæði. Þrír aðrir í nágrenni skipulagssvæðis eru Gunnhver, Háleyjarbunga og Skálafell.”

Hér í kafla er réttléga hampað jarðfræðilega gríðarlega mikilvægu svæði á heimsvísu. Viðurkenning af hálfu UNESCO o.s.frv. þegar svo á hinn veginn er horft til þeirra áætlana sem sveitarfélagið hefur sett á laggirnar gegn viðkomandi jarðminjum þá verður hver að svara fyrir sig hversu djúpt vitund og virðing stjórnenda sveitarfélagsins ristir í ljósi áforma um niðurbrot á landi innan þessa sama Jarðvangs.

#### 2.2.5. Verndaráætlanir

##### Náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun

Eins og fram hefur komið er deiliskipulagssvæðið / framkvæmdasvæðið allt á Náttúruminjaskrá.

Hér verður látið hjá líða að telja allt upp sem áður hefur komið hér fram áður m.a. í ath. Við greinargerð á tillögum við breytingu á Aðalskipulagi.

Sérstök vernd. Skv. 61.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013

Landvernd mótmælir því hvernig framkvæmdaðilar og sveitarfélag vinni gegn náttúruverndarlögum án afleiðinga. Það sé einfaldlega nóg fyrir þau í krafti stjórnsýslunnar að uppfylla það skilyrði eitt að tiltaka að það séu til staðar náttúruverndarlög í þessu landi nr.60 frá 2013. En það að viðkomandi sveitarfélög

eða fyrirtæki reyni að réttlæta eða útskýra hvaða brýnu hagsmunir séu til staðar sem réttlæti meðvitað lögbrot, því finnst einfaldlega hvergi staður í greinargerðum.

Málstaður þeirra og þá þar með talið talsmanna þessa verkefnis er sem sagt byggður á svo veikum grunni að hvorki framkvæmdaðili eða sveitarfélagið telur sig þurfa að rökstyðja hvaða hagsmunir knýja þá til að brjóta lög. Landvernd hvetur því hér Skipulagsstofnun í eitt skipti fyrir öll að standa með lögum um náttúruvernd eins og öðrum lögum sem sett hafa verið í þessu landi og varða skyldur stofnunarinnar að fylgja eftir.

Í öllum kaflanum 2.2.5. er Landvernd engu nær um hvað verið er að fara með upptalningu á öllum þeim náttúruverðmætum sem svæðið hefur að geyma á sama tíma og viðkomandi skipulagsvald treystir sér ekki að útskýra hvaða brýnu hagsmunir eru til þess fallnir að eyðileggja hluta þessara sömu náttúruverðmæta.

### 3.7.5 Lagnir utan mannvirkjabelta

Við deiliskipulagsgerð er venjubundið að nýjar lagnaleiðir séu dregnar fram á uppdrætti og þessi deiliskipulagstillaga getur ekki verið undanþegin þeim sjálfsögðu lágmarks upplýsingum sem eiga að koma fram á uppdráttum.

### 3.8. Lóðir og byggingarreitir

Hér vakna spurningar þar sem óskýrar áætlanir liggja fyrir um aðra iðnaðaruppbyggingu í deiliskipulagi þ.e. aðra en áætlað fiskeldi á nærsvæði Reykjanesvirkjunar. Eins og áður vill Landvernd að það verði gerð heildstætt umhverfismat á svæðinu sem miðar m.a. að orkuþörf og þörf á afnotum að grunnvatni með tilliti til þeirrar iðnaðarstarfsemi sem að deiliskipulagið innifelur í sér með skipulögðum lóðum þar sem ekki er tilgreind hvers eðlis starfsemi verður önnur innan deiliskipulagðra reita.

### 3.10. Samgöngur

Í lýsingu á aðkomuleiðum og hvernig hugað er að umferðarstýringu og með tilliti til annarrar umferðar er nánast ógjörningur að átta sig á þeim uppdráttum sem liggja til gundvallar samgönguinnviðum á svæðinu. Þegar farið er yfir lýsingu og reynt að bera saman við uppdrátt þá verður að segjast eins og er að slík framsetning í tillögu að deiliskipulagi getur ekki staðist skoðun, svo óskýrir eru uppdrættir m.a. hvað varðar áætlaðar samgönguleiðir til og frá svæði m.a. fiskeldisstöðinni og hefði því verið gott að sjá afstöðumyndir af samgönguæðum og þá einnig með skýrri myndrænni tengingu yfir stærra svæði.

### 3.12. Sjóvarnargarður

Fram kemur í þessum kafla að lengd varnargarðs og lega sé leiðbeinandi en ekki bindandi. Hér getur ekki komið til álita að þeir sem standa að þessari áætlanagerð verði undanskildir því að teikna upp og

staðsetja tilgreindan sjóvarnargarð. Ekki sést sjóvarnargarður á uppdrætti samkvæmt rauðri brotalínu til hliðar við uppdrátt sem á að tákna sjóvarnargarð og fl. er erfitt að greina á uppdrætti.

### 3.13.2. Náttúruvernd

Hér þarf Landvernd ekki að áréttu endurtekið efni sem fram kemur, nema í niðurlagi í þessum kafla er lagt út frá því að gefið verði svigrúm til að sækja sérstaklega um að fá að raska enn frekar því svæði vegna efnistöku sem afnumið var Hverfisvernd. “Ef þörf er á að raska hverfisvernduðu svæði skal í umsókn um leyfi fylgja rökstuðningur um nauðsyn þess” í þessum eignum virðist farið fram á málamynda rökstuðning fyrir að ganga enn frekar á svæðið en áætlað er. Það þykir á hinn veginn ekki hæfa þessu skipulagi að rökstyðja brot á náttúruverndarlögum sem þó er sýnt sé að ætlun sé að fremja án skýringa og rökstuðnings.

## 4. Eldisgarður – sértækir skilmálar – grænþvottur

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við yfirheiti þessa verkefnis sem er til þess eins fallið að valda hugtakabrenslun hjá almenningi. Það hefur aldrei verið brýnna en nú að vinna bug á slíkum grænþvottaheitum. Nauðsyn er til að koma böndum á þessa upplýsingaóreiðu alla ef að Skipulagsstofnun gæfi út leiðbeiningarit fyrir þá sem eru að vinna að áætlanagerð um hvað einstök hugtök tákna í raun sbr. sjálfbærni og hvað sé við hæfi að kalla grænt og eða vistvænt– eitthvað um hringrásarhagkerfið líka. Fyrst og síðast að gerð sé krafa á um að gróf iðnaðarstarfsemi sé nefnd þeim nöfnum sem viðkomandi starfsemi á sannarlega að bera með réttu.

### 4.2 Byggingar fiskeldisstöðvar

Innan lóðar er gert ráð fyrir byggingum og búnaði fiskeldisstöðvar. Einnig er gert ráð fyrir þjónustubyggingum og öðrum byggingum tengdum starfseminni. Heimilað byggingarmagn á lóð er allt að 250.000 m<sup>2</sup>. Fiskeldið fer fram í þrepum frá seiðastöð í áframeldi og til slátrunar og fiskvinnslu. Undir liðnum Stöðvarhús kemur fram að það megi byggja gróðurhús til endurnýtingar á vatni og einnig veitingastað. Áhugavert ef sýnt hefði verið á uppdrætti hvar þá væri gert ráð fyrir þess háttar viðbót við starfsemina, það hefði eðli máls verið trúverðugra.

En hvað varðar skýringarmynd 4 – 3 þá verður Landvernd að gera alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið er að myndvinnslugerð þessari – þar sem allt er látið renna í eitt þannig að ásýndaráhrifin sýnist hverfandi. Myndin er auk þess dökk eins og umhverfið og byggingar. En megingalli skýringarmyndar er að hún nær varla annað að sýna en staðsetningu byggingarreits. Mikilvægt er að viðkomandi verði gert að skila inn bæði ásættanlegum uppdráttum eins og ætlast er til við deiliskipulag og þrívíddarmyndum frá nokkrum sjónarhornum af byggingum öllum verði unnar. Mikilvægt er að fiskeldismannvirkið allt verði sýnt í þrívídd frá öllum hliðum í réttri hæð og raunstærð og við góða birtu. Sömuleiðis er mjög mikilvægt að sýna alla aðkomuvegi bæði þjóðveg og þjónustuvegi og vegi og bílastæði sem ætlað er að



mæta almennri umferð. Myndir og uppdráttir þurfa einnig að sýna almennt yfir mun stærra svæði með vegtengingum ásamt öllum lagnaleiðum. Uppdrætti og myndskýringar þarf því að vinna alveg upp á nýtt frá grunni og leggja fram að nýju svo öllum séu áhrifin skiljanleg.

#### Vatnsöflun í tengslum við fiskeldi

Ferskvatn verður leitt inn á lóðina með veitukerfi HS-Orku. Hér áður í umsögn hefur verið komið inn á mikilvægi þess að nánari rannsóknir fari fram á grunnvatnsstöðu með tilliti til allra iðnaðaráforma innan skipulagssvæðisins.

#### 6.3 Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum

Hér skal árétta áður fram komna brýningu að ekki verði gengið frekar á jarðhitakerfið enda segir orðrétt í niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum “áhrif nýs deiliskipulags metin óviss á jarðhitakerfið”.

Að öðru leyti hefur Landvernd komið á framfæri öllum megináherslum vegna mats á umhverfisáhrifum í athugasemdum hér að ofan bæði í ath við tillögu að ASK og deiliskipulagi.

##### 6.3.13 Samantekt umhverfisáhrifa deiliskipulags

Landvernd lýsir miklum vonbrigðum með samantekt umhverfisáhrifa deiliskipulags.

Má þar nefna að jarðmyndanir skuli ekki í ljósi verndargildis fá vægiseinkun- mjög neikvæð áhrif – sömuleiðis er litið fram hjá veigamiklum nokkuð augljósum neikvæðum áhrifapáttum er hljóta að blasa við er varðar landnotkun og útivist. Það er því vægt sagt sérstakt að sjá en þá væntanlega gert í nauðvörn til að reyna að vega upp öll þau neikvæðu áhrif sem sannarlega eru þó til staðar að Samfélag fær einkunina mjög jákvæð. Í samanburði þess við jarðmyndanir þá er ekki hægt annað en að komast að annarri niðurstöðu en það sé meðvitað verið að draga taum þeirra sem áformin hafa sett á svið. Í tilfalli samfélag hefði því til samræmis við smættun jarðmyndana hefði samfélag mátt fá einvörðungu jákvætt í stað mjög jákvætt.

## Að lokum

Það ætti ekki að þurfa að koma þeim sem setja fram þessar áætlanir að Landvernd getur ekki gefið svo óvandaðri vinnu meðmæli þrátt fyrir að vissulega séu nokkrir þættir teknir alvarlega. Heilt yfir er framsetning alls ekki ásættanleg fylgigögn og kortagrunnar og skýringarmyndir áberandi af skorum skammti og að auki sérstaklega illa unninn og ekki til þess fallin að auðvelda þeim sem koma að umsagnargerð leikinn og hvað þá að hægt sé að bjóða almenningi upp á svo ófullnægjandi og óvandaða áætlanagerð. Alvarlegt er að sú einstaka viðurkenning sem UNESCO hefur veitt Reykjanesi er að engu höfð í skipulagsvinnunni. Landvernd telur að vinna þurfi áætlanirnar upp á nýtt.

*Með vinsemd og virðingu*

*f.h. stjórnar Landverndar*

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri*

Reykjanesbær  
Gunnar Kristinn Ottósson  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 22. júní 2023  
UST202305-280/R.K.  
10.04.00

## Efni: Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Umsögn

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar dags. 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða stækkun iðnaðarsvæðis við Reykjanesvirkjun fyrir ýmsa starfsemi sem nýtast mun til frekari orkuvinnslu og/eða starfsemi sem stuðlar að betri nýtingu þeirra auðlindastrauma sem verður til við háhitavirkjunina í Reykjanesi. Á svæðinu eru nú ýmsar byggingar og starfsemi tengd Auðlindagarði Reykjanesvirkjunar en svæðið stækkar um 51,8 ha til viðbótar við núverandi iðnaðarsvæði. Þá ber helst að nefna að á deiluskipulaginu er gert ráð fyrir Eldisgarði, landeldi Samherja og verður leyfilegt byggingarmagn á lóð eldisins 250.000 m<sup>2</sup> og sú lóð er ein og sér 37,2 ha.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra deiluskipulagsbreytinga tekur til þónokkra matsþátta. Matsþættirnir sem skoðaðir voru í umhverfismati skipulagsbreytinganna eru: náttúruauðlindir-jarðhitageymir, grunnvatn, náttúrufar-gróður og fuglalíf, menningarminjar, loftgæði og hljóðvist, landslag og ásýnd, landnotkun og útivist, verndarsvæði-náttúruminjaskrá, vantsvernd og hverfisvernd, vatnsgæði viðtaka og lífríki fjöru, jarðmyndanir, náttúruvá, samfélag. Fyrir alla valkostina eru áhrif af nýja deiluskipulaginu ýmist metin óverulega neikvæð eða neikvæð, fyrir utan áhrif á jarðhitageyminn þar sem áhrifin eru óþekkt og á samfélag þar sem áhrifin eru metin mjög jákvæð. Fyrirhuguð breyting á deiluskipulagi getur því ekki talist vera jákvæð frá sjónarmiði umhverfisáhrifa á umrætt svæði.

### Sérákvæði deiluskipulags vegna Eldisgarðs

Umhverfisstofnun bendir á að álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Eldisgarðisins liggur ekki fyrir og skal taka mið af því við gerð sértækra skilmála fyrir Eldisgarðinn. Jafnframt áréttar stofnunin, líkt og kom fram í umsögn hennar við umhverfismatsskýrslu fyrirhugaðs landeldis, að þar voru gefnir upp tveir valkostir í staðsetningu eldisstöðvarinnar. Í fyrirhuguðum deiliskipulagsbreytingum er landeldið hinsvegar einungis skipulagt miðað við staðsetningu á svokallaðri norðurlóð. Bendir stofnunin á að ef mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmdar bendi til þess að minni áhrifa muni gæta frá henni á suðurlóð ætti að skoða að hafa þann valkost einnig í deiliskipulagsbreytingu þessari.

Jafnframt skal tekið fram að öll ákvæði varðandi hreinsun fráveitu sem sett eru fram í skipulagi munu koma fram í starfsleyfum sem stofnunin gefur út, því útgáfa starfsleyfa fer alltaf eftir gildandi skipulagi.

Innan lóðar Eldisgarðs eru skipulagðar vatnstökuholur fyrir jarðsjó sem nýta á í landeldinu. Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum Eldisgarðs segir eftirfarandi.

*„Mótvægisáðgerðirnar sem lagðar eru fram snúa einungis að því að fjölga borholum sem ekki er víst að muni gera mikið gagn, en dreifir líklega bara álagi í stað þess að minnka það. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að sýna fram á að vatnshlotið nái umhverfismarkmiðum sínum. Ef farið er í framkvæmdir ætti að sýna fram á að þær hafi ekki neikvæð áhrif á vatnshlotið við hvern áfanga. Ef umhverfismarkmið vatnshlotsins nást ekki við áfanga 1 eru forsendur fyrir áfanga 2 og 3 brostnar.“*

Í 3. mgr. 28. gr. laga um stjórn vatnamál segir einnig

*„Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.“*

Því leggur stofnunin áherslu á að ítarlegar rannsóknir fari fram á vatnshlotunum sem nýta á, áður en framkvæmdir hefjast m.a. til að meta niðurdrátt vegna sjótökuholna og áhrif þess á grunnvatnsborð í vatnshlotum við Sýrfelli. Nánari athugsemdir vegna fyrirhugaðra vatnstöku má finna í umsögnum stofnunarinnar<sup>1</sup>. Skipulagið gerir ráð fyrir að uppbygging eldisgarðsins verði í áföngum, en líkt og bent er á hér að ofan þá veltur fýsileiki áfanga 2 og 3 á því hver áhrif verða af sjó og vatnstöku úr vantshlotum svæðisins.

### **Jarðmyndanir**

Gígaröðin Stampar er í mikilli nálægð við fyrirhugaða eldisuppbyggingu á norðurlóð eins og henni er lýst í tillögu að breyttu aðalskipulagi svæðisins og eru áhrif af uppbyggingu á svæðinu og afnámi hverfisverndar HV4 Reykjanes til þess fallin að rýra verndargildi nærliggjandi hrauns og gígaröðarinnar, þótt að gígaröðin sjálf komi ekki til með raskast. Við alla skipulagningu á vegum að fyrirhuguðu iðnaðarsvæði skal tryggja eins og kostur er að raska sem minnst nærumhverfi gíganna og velja vegstæði sem ætla megi að rýri verndargildi jarðmyndanna sem minnst.

Líkt og kemur fram í greinagerðinni við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu þá nýtur allt hraunið á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði verndar skv. 61 gr. laga nr. 60/2013 um Náttúruvernd, því ber að hafa það í huga við stækkun á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði og æskilegast væri að stækkunin og breytingin á deili- og aðalskipulögum hafi það til hliðsjónar og svæðið stækkað eins lítið og þarf.

Auk þess benti stofnunin á það í umsögn<sup>2</sup> sinni við vinnslutillögu aðalskipulagsins að skýra þurfi frá hvaða brýna nauðsyn sé fyrir röskun á hrauninu og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina.

### **Niðurstaða**

Fyrirhugaðar breytingar á aðal- og deiliskipulagi iðnaðarsvæðisins I5 og uppbygging Eldisgarðs og annarar starfsemi á svæðinu kemur til með nýta betur þá auðlindastrauma sem koma frá virkjunarsvæði HS Orku við Reykjanesvirkjun.

Áhrif fyrirhugaðra breytinga á ýmsa umhverfisþætti eru hinsvegar töluvert neikvæð og verður að hafa það til hliðsjónar þegar lokaskipulag lítur dagsins ljós og við alla uppbyggingu iðnaðar á svæðinu. Þá sérstaklega m.t.t. nýtingu vatns og jarðsjávar, áhrifum á ásýnd og jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013.

Umhverfistofnun bendir líka á að stofnunin skilaði ítarlegri umsögn við umhverfismatsskýrslu eldistöðvarinnar á Reykjanesi<sup>1</sup> og umsögn<sup>2</sup> við vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingum Reykjanesbæjar 2020-2035 og þar koma fram ábendingar m.a. vegna nýtingu vatns, fráveitu og verndun jarðmyndanna og staðsetningu eldisins sem ætti að skoða og eftir atvikum taka tillit til við lokafrágang fyrirhugaðra skipulagsbreytinga.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á engin umfjöllun er um áhrifaþáttin loftslag í mati á umhverfisáhrifum skipulagsbreytinganna sem hér voru til umfjöllunar líkt og á að gera samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,  
**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
**teymisstjóri**